

----- Original Meddelelse -----

**Subject:**Re: Fwd: Svar við erindi Úrskurðarnefndar um Upplýsingamál, b.t. Elínar Óskar Helgad.  
Staðfesting á móttöku sendist undirrituðum

**Date:**Fri, 01 Apr 2011 10:45:57 +0200

**From:**Vilhjálmur Örn Vilhjálmsson <vilhjalmur@mailme.dk>

**To:**elin.osk.helgadottir@for.stjr.is

## Úrskurðarnefnd um Upplýsingamál

b.t. Elínar Óskar Helgadóttur, Forsætisráðuneyti

Virðulega nefnd,

þar sem mér telst svo til, að meira en 80 nætur séu liðnar síðan kæra mín út af málsmeðferð Fornleifastofnunar Ríkisins var beint til Úrskurðarnefndar um Upplýsingarmál, þætti mér vænt um að vita hvernig mál standa.

Svo virðist sem Kristín Sigurðardóttir, forstöðumaður *Fornleifaverndar Ríkisins*, sem fyrir enga muni vill skýra að fullu ótrúlega áætlun sína fyrir fornleifar að Stöng í Þjórsárdal upp á 700.000.000 króna, hafi nægan tíma til að vera 1. apríl skemmtikraftur í fjölmiðlum ([http://www.mbl.is/frettir/innlent/2011/04/01/fornleifar\\_i\\_landeyjahofn/](http://www.mbl.is/frettir/innlent/2011/04/01/fornleifar_i_landeyjahofn/)). Ég vona að hún og lögmaður hennar hafi einnig haft tíma til að skýra vel fyrir Úrskurðarnefnd um Upplýsingamál, af hverju minnisblað Kristínar og ókunns fjölda aðstoðarmanna hennar um 700.000.000 kr. kostnað við framkvæmdir á Stöng í Þjórsárdal beri að halda leyndu fyrir þeim aðila sem stundað hefur rannsóknir á Stöng í Þjórsárdal.

Virðingarfyllst,

Dr. Vilhjálmur Örn Vilhjálmsson fornleifafræðingur

Den 02-02-2011 10:46, [elin.osk.helgadottir@for.stjr.is](mailto:elin.osk.helgadottir@for.stjr.is) skrev:

Tilvísun í mál: ÚNU10110004

Sæll Vilhjálmur.

Í bréfi nefndarinnar dags. 29. nóvember sl. til þín kom fram að athugun á málsmeðferðartíma nefndarinnar hefur leitt í ljós að búast megi við því að frá því að kæra berst og þar til að máli lýkur með úrskurði geti liðið allt að 80 dagar eða rétt um 12 vikur. Komi í ljós að meðferð málsins verði ekki lokið innan þess tíma verður kæranda tilkynnt um það og hvenær vænta megi úrskurðar nefndarinnar.

Ekki er alveg ljóst m.v. stöðu mála fyrir nefndinni hvenær úrskurðar í máli þínu er að vænta. Ég á

þó síður von á því að málið klárast innan 12 vikna viðmiðsins en tel að úrskurður ætti að öllum líkindum að geta legið fyrir í febrúar.

Ef ég hef frekari upplýsingar mun ég kynna þér þær.

Kveðja góð, Elín Ósk.

-----  
Elín Ósk Helgadóttir, lögfræðingur / Legal Adviser  
Úrskurðarnefnd um upplýsingamál / The Information Committee  
150 Reykjavík / 150 Reykjavik  
/ Iceland

[www.ursk.forsaetisraduneyti.is](http://www.ursk.forsaetisraduneyti.is)

[elin.osk.helgadottir@for.stjr.is](mailto:elin.osk.helgadottir@for.stjr.is)

Sími / tel. + 354 545 84 00

Fax + 354 562 40 14

Vinsamlegast athugið að þessi tölvupóstur og viðhengi hans eru eingöngu ætluð þeim sem tölvupósturinn er stílaður á og gætu innihaldið upplýsingar sem eru trúnaðarmál.

Sjá nánar: <http://raduneyti.is/interpro/stjr/stjr.nsf/pages/postur>

Please note that this e-mail and attachments are intended for the named addressee only and may contain information that is confidential and privileged.

Further information: <http://raduneyti.is/interpro/stjr/stjr.nsf/pages/postur>

Frá: Vilhjálmur Örn Vilhjálmsson <[vilhjalmur@mailme.dk](mailto:vilhjalmur@mailme.dk)>

Dags: 02.02.2011 08:15:32

Til: [postur@for.stjr.is](mailto:postur@for.stjr.is)

Efni: Fwd: Svar við erindi Úrskurðarnefndar um Upplýsingamál, b.t. Elínar Óskar Helgad. Staðfesting á móttöku sendist undirrituðum

-----  
Sæl Elín Ósk,

mig langar að vita hvenær úrskurðar á kæru minni er að vænta. Ég sendi athugasemdir við greinagerð lögmanns Kristínar Sigurðardóttur þann 20. desember sl.

bestu kveðjur,

Vilhjálmur Örn Vilhjálmsson

----- Original Meddelelse -----

Subject: Svar við erindi Úrskurðarnefndar um Upplýsingamál, b.t. Elínar Óskar Helgad. Staðfesting á móttöku sendist undirrituðum  
Date: Mon, 20 Dec 2010 16:43:34 +0100  
From: Vilhjálmur Örn Vilhjálmsson <[vilhjalmur@mailme.dk](mailto:vilhjalmur@mailme.dk)>  
To: [postur@for.stjr.is](mailto:postur@for.stjr.is)

20.12.2010 Albertslund

Til:

**Úrskurðarnefndar um Upplýsingamál**

**B.t. Elínar Óskar Helgadóttur**

**Forsætisráðuneytið**

**150 Reykjavík**

**Ísland**

Bréf Úrskurðarnefndar dags. 14. desember 2010, sem inniheldur afrit af greinargerð Arnar Þórs Jónssonar hdl. hjá lögfræðistofunni *Réttur*, barst mér í hendur þann 18. desember 2010. [hér er greinargerðin [http://postdoc.blog.is/users/3d/postdoc/files/rettur\\_13998.pdf](http://postdoc.blog.is/users/3d/postdoc/files/rettur_13998.pdf) ]

Í bréfi nefndarinnar er mér boðið að koma á framfæri athugasemdum til viðbótar kæru minni í ljósi umsagnar lögmanns Kristínar Sigurðardóttur/Fornleifaverndar ríkisins.

Lögmaður Kristínar leggur mikla áherslu á, að talan 700 milljónir byggji á lauslegum og óformlegum útreikningum, og að þess vegna beri engin skylda til að veita mér þær upplýsingar. Þessir útreikningar hafa nú verið lagðir fram fyrir háttvirta Úrskurðarnefnd um Upplýsingamál, sem trúnaðarmál og er gert fremur lítið úr þeim, að því er mér virðist.

Í því sambandi langar mig að upplýsa, að dr. Kristín Sigurðardóttir forstöðumaður Fornleifaverndar Ríkisins skrifaði mér eftirfarandi þ. 26.10.2009. Þar sem Arnar Þór Jónsson virðist ekki kannast við þau skrif, ef dæma má út frá innsendum athugasemdum hans, legg ég innhald bréfsins hér fram, og framsendi með tölvupósti Kristínar Sigurðardóttur [sjá neðar]. Tölvupósturinn frá 26.10.2009 er ekkert trúnaðarmál, heldur svar forstöðumanns Fornleifaverndar Ríkisins við einfaldri fyrirspurn.

*„Sæll og blessaður Vilhjálmur Örn,  
Hér gætir einhvers misskilnings hjá þér. Talan 700 milljónir byggir á útreikningum*

*fornleifafræðinga, arkitekta og verkfræðinga og snertir ekki bara viðhald á Stangarrústinni, heldur gerð nýs húss til að verja minjarnar, rannsókn sem þyrfti að fara fram í tengslum við gerð hússins, viðhald og skýli yfir fjós og smiðju, gerð miðlunarefnis, endurbætur á aðgengi og aðstöðu fyrir ferðamenn og fleira.*

*Niðurstöður skoðanakannana verða gerðar aðgengilegar á netinu á næstu vikum.*

*mbk,*

*Kristín Huld Sigurðardóttir“*

Í tölvupósti Kristínar Sigurðardóttur til mín, dags. 26.10.2010, kemur greinilega fram, að talan 700.000.000 kr. „**byggja á útreikningum fornleifafræðinga, arkitekta og verkfræðinga**“. Þetta kemur ekki fram í bréfi Arnars Þórs Jónssonar.

Taka ber tillit til þess, að forstöðumaður Fornleifaverndar Ríkisins talar um þá *fræðing*asem aðstöðuðu hana í fleirtölu. Þar sem stéttirnar sem Kristín Sigurðardóttir nefnir í bréfi sínu eru þrjár, er því um minnst 6 sérfræðinga að ræða. Nema að Kristín Sigurðardóttir hafi beðið Arnar Þór Jónsson að láta Úrskurðarnefnd um Upplýsingamál rangar upplýsingar í té.

Umrædda útreikninga vill ég vitanlega sjá og vita hverjir þessi reiknimeistarar voru. Mér skilst á bréfi lögmanns Fornleifaverndar ríkisins, að þetta hafi verið lauslegir og óformlegir útreikningar. Fornleifafræðingar, arkitektar og verkfræðingar eru þó ekki þekktir fyrir að setja fram slíka útreikninga að kostnaðarlausu, frekar en lögfræðingar, og fer ég því líka fram á að sjá kostnaðinn við þessa útreikningavinnu, þótt lausleg og óformleg hafi verið, líkt og haldið er fram af lögmanni forstöðumanns Fornleifaverndar ríkisins, þrátt fyrir bréf Kristínar Sigurðardóttur dags. 26.10.2010 sem greinir frá því að þrjár stéttir fræðinga hafi verið henni til stuðnings við útreiknings verks á Stöng fyrir 700.000.000 kr.

Í viðhorfskönnun Fornleifaverndar, sem gerð var sl. sumar, og sem ég bíð enn eftir birtingu á niðurstöðum á, stendur eftirfarandi:

*Til þess að bæta aðstöðuna í Stöng þarf fjármagn. Sveitarfélagið er of fámennnt til að geta staðið undir slíkri fjármögnun og fjárhagur íslenska ríkisins er þröngur eins og kunnugt er og litlu veitt til varðveislu minja. Það er mat Fornleifaverndar ríkisins að til þess að lagfæra minjarnar með tilheyrandi fornleifarannsókn, setja á staðinn góð upplýsingaskilti og byggja nýjan skála yfir minjarnar þurfi um 700 milljónir króna. Ef tekinn yrði ca 2250 kr nefskattur miðaður við alla Íslendinga, þá dygði sú upphæð til verksins.*

Ef þetta, sem hér er lýst í viðhorfskönnuninni, er niðurstaða lauslegrar útreikningavinnu fornleifafræðinga, arkitekta og verkfræðinga, hefði ef til vill mátt upplýsa gesti á Stöng um það á hreinskilin hátt, í stað þess að slá því föstu og telja almenningi trú um, að það sé mat Fornleifaverndar ríkisins, að framkvæmdir kosti 700.000.000. Sú tala er til þess eins fallin að eyðileggja fyrir fornleifafræðirannsóknnum og viðgerðum á staðnum og fyrir þeim aðilum (undirrituðum), sem sannarlega hafa unnið að rannsóknnum og viðhaldi á Stöng. En sú vinna var síðar stöðvuð af Þjóðminjasafni Íslands og hefur ekki verið sinnt af Fornleifavernd ríkisins sem skyldi, eftir að því embætti var falið að sjá um viðhald rústanna. Sjá allt um það

hér: <http://www.postdoc.blog.is/blog/postdoc/entry/1110363/>

hér: <http://www.postdoc.blog.is/blog/postdoc/entry/1104234/> og

hér:

[http://www.postdoc.blog.is/users/3d/postdoc/files/skyrsla\\_stong\\_2010\\_an\\_kostnadarlida\\_12602.pdf](http://www.postdoc.blog.is/users/3d/postdoc/files/skyrsla_stong_2010_an_kostnadarlida_12602.pdf)

Þannig má öllum lögfróðum mönnum vera það fullkomlega ljóst, að hvað sem líður greinargerð háttv. lögmanns Kristínar Sigurðardóttur, sem greinilega þekkir ekki tölvubréf hennar dags.

26.10.2010, að ég krefst enn með fullri festu að fá aðgang að öllum gögnum sem varða útreikninga á 700.000.000 króna kostnaði við framkvæmdir á Stöng í Þjórsárdal. Ég óska eftir gögnum þessum, sama hvað lúaleg þau mættu vera, og sama hvað marga sérfræðinga dr. Kristín Sigurðardóttir hefur haft sér innan handa til at gera útreikningana (en skv. bréfi hennar dags. 26.október sl. voru að minnsta kosti sex sérfræðingar úr þremur stéttum uppmælinga, sem lögðu hönd á plóg). Lát oss nú sjá, hvað sá hópur talnaglöggu fornleifafræðinga, arkitekta og verkfræðinga hefur atorkað ásamt dr. Kristínu Sigurðardóttur. Annað væri einkennileg og óréttlát lögfræði, m.a. í ljósi þess að lögmaður Forstöðumanns Fornleifaverndar ríkisins er greinilega ekki kunnugt um öll gögn sem varða kröfu mína .

Virðingarfyllst,

Dr. Vilhjálmur Örn Vilhjálmsson,

Jelsbuen 1

2620 Albertslund

Danmark

----- Original Meddelelse -----

Subject: Re: Fwd: <http://www.postdoc.blog.is/blog/postdoc/entry/1104234/>

Date: Tue, 26 Oct 2010 21:30:35 +0000

From: Kristín Huld Sigurðardóttir <[kristinhuld@fornleifavernd.is](mailto:kristinhuld@fornleifavernd.is)>

To: Vilhjálmur Örn Vilhjálmsson <[vilhjalmur@mailme.dk](mailto:vilhjalmur@mailme.dk)>

CC: [fornleifavernd@fornleifavernd.is](mailto:fornleifavernd@fornleifavernd.is), [postur@mrn.stjr.is](mailto:postur@mrn.stjr.is), Uggi Ævarsson <[uggi@fornleifavernd.is](mailto:uggi@fornleifavernd.is)>, Agnes Stefánsdóttir <[agnes@fornleifavernd.is](mailto:agnes@fornleifavernd.is)>

Sæll og blessaður Vilhjálmur Örn,

Hér gætir einhvers misskilnings hjá þér. Talan 700 milljónir byggir á útreikningum fornleifafræðinga, arkitekta og verkfræðinga og snertir ekki bara viðhald á Stangarrústinni, heldur gerð nýs húss til að verja minjarnar, rannsókn sem þyrfti að fara fram í tengslum við gerð hússins, viðhald og skýli yfir fjós og smiðju, gerð miðlunarefnis, endurbætur á aðgengi og aðstöðu fyrir ferðamenn og fleira.

Niðurstöður skoðanakannana verða gerðar aðgengilegar á netinu á næstu vikum.

mbk,

Kristín Huld Sigurðardóttir

Kristín Huld Sigurðardóttir PhD

Forstöðumaður Fornleifaverndar ríkisins/General Director - The Archaeological Heritage Agency

of Iceland

[kristinhuld@fornleifavernd.is](mailto:kristinhuld@fornleifavernd.is)

Suðurgata 39, 101 Reykjavík

Sími: 5556630 bréfsími:5556631

Heimasíða: [www.fornleifavernd.is](http://www.fornleifavernd.is)

Vinsamlegast athugið að tölvupóstur þessi og viðhengi við hann eru eingöngu ætluð þeim sem tölvupósturinn er stílaður á. Tölvupósturinn og viðhengi hans gætu innihaldið upplýsingar sem eru trúnaðarmál. Sjá nánar: <http://raduneyti.is/interpro/stjr/stjr.nsf/pages/postur>

Please note that this e-mail and its attachments are intended for the named addressee only and may contain information that is confidential and privileged. Further information:

<http://raduneyti.is/interpro/stjr/stjr.nsf/pages/postur>

**Vilhjálmur Örn  
Vilhjálmsson**  
[<vilhjalmur@mailme.dk>](mailto:vilhjalmur@mailme.dk)

26.10.2010 08:26

To [fornleifavernd@fornleifavernd.is](mailto:fornleifavernd@fornleifavernd.is), Kristín Huld  
Sigurðardóttir [<kristinhuld@fornleifavernd.is>](mailto:kristinhuld@fornleifavernd.is)

cc [postur@mrn.stjr.is](mailto:postur@mrn.stjr.is)

Subject Fwd:

<http://www.postdoc.blog.is/blog/postdoc/entry/1104234/>

Til Fornleifaverndar Ríkisins,

ég býst við því að starfsmenn Fornleifaverndar Ríkisins, sem málið varðar, hafi lesið bloggfærslu mína þann 11. október sl.: <http://www.postdoc.blog.is/blog/postdoc/entry/1104234/>

Í henni fer ég fram á að fá að sjá þá úttekt, sem sýnir að viðhald Stangar kosti ekki meira né minna en 700.000.000 króna. Haft var samband við mig eftir að bloggfærsla mín birtist og mér sagt að hafa samband við yfirmann stofnunarinnar, og það geri ég hér með í von um að fá þessa úttekt, svo ég geti kynnt hana opinberlega og eins þá skoðanakönnun sem gerð var fyrir í ár á Stöng.

Ég var í síðustu viku staddur á Stöng og sá að götin inn í rústina, þar sem ekki var lokið við viðgerðir árið 1996, hafa stækkað og mun þar leka inn mikið magn vatns ef ekki verður reynt að koma í veg fyrir það. Viðgerðirnar annars staðar í rústinni hafa sýnt, að þær bægja að mestu leyti vatni frá rústinni.

Í von um að heyra sem fyrst um fyrrnefnda úttekt, og að starfsmenn Fornleifaverndar bregði sér í vinnugallana og fari upp að Stöng og komi í veg fyrir frekari eyðileggingu í vetur.

Virðingarfyllst,

Dr. Vilhjálmur Örn Vilhjálmsson  
fornleifafræðingur með sérþekkingu á Stöng í Þjórsárdal

----- Original Meddelelse -----

**Subject:** <http://www.postdoc.blog.is/blog/postdoc/entry/1104234/>

**Date:** Mon, 11 Oct 2010 08:41:54 +0200

**From:** Vilhjálmur Örn Vilhjálmsson <[vilhjalmur@mailme.dk](mailto:vilhjalmur@mailme.dk)>

**To:** [fornleifavernd@fornleifavernd.is](mailto:fornleifavernd@fornleifavernd.is)

Til upplýsingar: <http://www.postdoc.blog.is/blog/postdoc/entry/1104234/>